

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
nr. 307/2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og
steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013, frá 2. febrúar 2013, öðlast eftirfarandi eftirtaldir ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 frá 11. apríl 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli. Reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013, frá 2. febrúar 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, frá 14. mars 2013, bls. 217.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/842 frá 26. maí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 307/2012 að því er varðar kröfur um gagnsæi og trúnaðarkvaðir í tengslum við áhættumat ESB á efnum sem eru í athugun. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2022, frá 18. mars 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 21. apríl 2022, bls. 70.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirmisjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a - e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur þegar gildi.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. apríl 2013. -

F. h. r.

- Halldór Runólfsson. -

- Eggert Ólafsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.